

## Viðauki I

*við samkomulag Landsnets hf. og Hafnarfjarðarbæjar frá ágúst 2009  
um uppbyggingu flutningskerfis raforku í Hafnarfirði*

1. Samkomulag milli Landsnets hf. og Hafnarfjarðarbæjar um uppbyggingu flutningskerfis raforku var undirritað 25. ágúst 2009. Sá fyrirvari var gerður af hálfu Landsnets við samkomulagið að breyttust forsendur verulega varðandi efnahagslegar forsendur framkvæmda væri fyrirtækinu í sjálfsveld sett hvort ráðist yrði í fyrirhugaðar framkvæmdir. Að sama skapi hefur Hafnarfjarðarbær lagt áherslu á að með samkomulaginu væri reynt að fylgja eins og kostur er þeim markmiðum sem sett eru í aðalskipulagi sveitarfélagsins.
2. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að framkvæmdir við flutningskerfið verði í þremur áföngum er komi að fullu til framkvæmda árið 2017 en ljóst er að breyta verður þeim áætlunum sem þá var unnið eftir. Gildir það um framkvæmdatíma og lok hans en einnig um breytingar á einstaka verkþáttum sem vinna átti innan hvers áfanga fyrir sig. Ekki er unnt að tímasetja hvenær fyrirhuguðum framkvæmdum við flutningskerfið lýkur né í hvaða röð þær verða unnar en aðilar hafa rætt saman, sbr. niðurlag 2. mgr. 6. gr. samkomulagsins.
3. Hafnarfjarðarbær hefur lagt megináherslu á niðurrif Hamraneslína 1 og 2 með vísan til þess að þær hafi veruleg áhrif á þróun íbúðabyggingar sem áætluð er í næstu framtíð og sem Hafnarfjarðarbær hefur lagt verulegan kostnað í vegna undirbúningsframkvæmda eða beinna verkframkvæmda, s.s. gatnagerðar. Fer niðurrif Hamraneslínu 1 og 2 saman við þá meginstefnumörkun Landsnets varðandi uppbyggingu flutningskerfisins á Suðvesturlandi (Suðvesturlínur) að flutningskerfið til Hafnarfjarðar og Reykjaness liggi samhliða Búrfellslínu 3 frá Sandskeiði til Hafnarfjarðar en ekki frá Geithálsi til Hafnarfjarðar eins og nú er. Hafa umhverfisáhrif þessara framkvæmda þegar verið metin (Suðvesturlínur).
4. Landsnet hefur upplýst Hafnarfjarðarbæ um þá ákvörðun sína að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir við niðurrif Hamraneslínu 1 og 2 og að undirbúningur þeirra hefjist eigi síðar en árið 2016 þannig að unnt sé að fjarlægja Hamraneslínu 1 og 2 eigi síðar en árið 2020. Áréttaður er sá sameiginlegi skilningur aðila að hefjist framkvæmdir við fyrsta áfanga nýs álvers í Helguvík eða annars orkufreks iðnaðar á svæðinu, þá verði þegar hafinn undirbúningur að fyrrgreindum framkvæmdum.

25. október 2012

F.h. Landsnets hf.,

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Pórður Guðmundsson  
forstjóri

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir  
bæjarstjóri

Vottar að undirritun og dagsetningu: